213. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn á Biskupsstofu við Borgartún 26 í Reykjavík

Fimmtudaginn 10. apríl 2025.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins sem setti fund, Ágústa Erlingsdóttir framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjuþings og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Gestur fundar var Halldór Arason endurskoðandi hjá Deloitte ehf.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 13:00.*
2. *Fundargerð 212. fundar lögð fram til samþykktar*. Fundargerð samþykkt.
3. *Ársreikningur Kirkjugarðasambands Íslands (framlag ríkisins til kirkjugarða) kynntur*. Halldór Arason endurskoðandi hjá Deloitte ehf. kynnti ársreikning 2024. Ársreikningur samþykktur af stjórn og undirritaður. Ágústu var falið að senda ríkisendurskoðanda erindi um að kirkjugarðar ættu ekki að þurfa að telja fram þau 8% af framlagi ríkis sem tekin eru frá áður en garðar fá greitt. Halldór yfirgaf fund að loknum fundarlið.
4. *Fræðslufundur um málefni kirkjugarða - Vestfirðir.* Kirkjugarðaráð í samstarfi við Kirkjugarðasamband Íslands boðar til fundar um skipulag og umhirðu kirkjugarða á Vestfjörðum. Fulltrúum sveitarfélaga á Vestfjörðum, kirkjugarðastjórnum og fulltrúum stærstu trúfélaga hefur verið boðið. Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 6. maí nk. kl. 15:00 í húsnæði Menntaskólans á Ísafirði. Ágústa og Smári flytja fyrirlestra. Sambærilegur fundur verður haldinn í Eyjafirði í september með aðkomu Ingvars.
5. *Önnur mál.* 1) Fundur með dómsmálaráðherra 19. mars kynntur fyrir þeim stjórnarmönnum sem ekki sátu fundinn. Drög að nýju samkomulagi, sem Jóhannes Finnur Halldórsson efndi í fyrir hönd kirkjugarðaráðs, voru send til ráðuneytisins í kjölfar fundarins og hefur móttaka verið staðfest. Óskað verður eftir öðrum fundi í dómsmálaráðuneyti í lok sumars til að ræða uppfærslu á samkomulagi. 2) Lagafrumvarp dómsmálaráðherra um breytingu á lögum nr. 36/1993 vegna reksturs líkhúsa er nú til umsagnar frá Alþingi. Rædd var umsögn kirkjugarðaráðs um frumvarpið sem og um 312. breytingartillögu Bryndísar Haraldsdóttur við frumvarpið sem varðar dreifingu ösku.
6. *Næsti fundur.* Fundað verður fimmtudaginn 15. maí kl. 11:00 á Biskupsstofu í Borgartúni 26.

Fundi var slitið kl. 14:10.